

Hugverkastofan
04 251

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hugverkastofan
kt. 650191-2189
Engjateig 3, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hugverkastofan er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli reglugerðar nr. 188/1991.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Hlutverk stofnunarinnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Þá ber stofnuninni að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 516,7 milljónir og afkoma kr. 1,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 235,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 425,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hugverkastofunnar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hugverkastofunnar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Borghildur Erlingsdóttir
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	100.000	0
Aðrar tekjur		500.446.839	359.994.323
Framlög og ýmsar tekjur	3	11.572.070	11.021.792
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	4.621.495	4.509.209
Tekjur samtals		<u>516.740.404</u>	<u>375.525.324</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	398.106.823	365.120.531
Framlög og tilfærslur		500.000	10.000.000
Annar rekstrarkostnaður	5	111.719.287	112.079.022
Afskriftir	6	4.621.495	4.509.209
Gjöld samtals		<u>514.947.605</u>	<u>491.708.762</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		1.792.799	(116.183.438)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		119.162	49.260
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(44.963)	(80.123)
		<u>74.199</u>	<u>(30.863)</u>
Afkoma ársins		<u>1.866.998</u>	<u>(116.214.301)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	1.866.998	(107.214.301)
Rekstrartilfærslur		0	(9.000.000)
		<u>1.866.998</u>	<u>(116.214.301)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		10.130.108	10.846.948
Aðrar eignir		1.500.000	1.500.000
Fastafjármunir samtals		<u>11.630.108</u>	<u>12.346.948</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	8	1.882.800	3.362.506
Tengdir aðilar	9	387.685.241	364.880.795
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		25.878	15.209
Handbært fé	10	24.178.818	18.586.271
Veltufjármunir samtals		<u>413.772.737</u>	<u>386.844.781</u>
Eignir samtals		<u>425.402.845</u>	<u>399.191.729</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		234.977.938	233.110.940
Eigið fé samtals		<u>234.977.938</u>	<u>233.110.940</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	0	1.076.132
Viðskiptaskuldir	12	12.786.642	7.737.519
Ýmsar skammtímaskuldir	13	170.385.163	145.392.541
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	7.253.102	11.874.597
Skuldir samtals		<u>190.424.907</u>	<u>166.080.789</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>425.402.845</u>	<u>399.191.729</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.866.998	(116.214.301)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	4.621.495	4.509.209
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(4.621.495)	(4.509.209)
		<u>1.866.998</u>	<u>(116.214.301)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		1.469.037	3.295.692
Tengdir aðilar		(27.785.233)	6.453.620
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		30.041.745	111.418.444
		<u>3.725.549</u>	<u>121.167.756</u>
		<u>5.592.547</u>	<u>4.953.455</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>5.592.547</u>	<u>4.953.455</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(3.904.655)	(1.930.987)
		<u>(3.904.655)</u>	<u>(1.930.987)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		3.904.655	1.930.987
Fjárfestingarframlag		0	0
		<u>3.904.655</u>	<u>1.930.987</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		5.592.547	4.953.455
Handbært fé í byrjun árs		18.586.271	13.632.816
Handbært fé í árslok		<u>24.178.818</u>	<u>18.586.271</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innheimtu á leyfisgjöldum.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	100.000	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	4.621.495	4.509.209
	<u>4.721.495</u>	<u>4.509.209</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	(500.000)	500.000	0	0
Fjáraukalög	100.000	0	0	100.000
Fjárveiting til tekna	(400.000)	500.000	0	100.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	2.266.998	(500.000)	0	1.766.998
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	1.866.998	0	0	1.866.998

3 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	3.200.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	7.961.251	5.322.120
Ýmsar tekjur	410.819	5.699.672
	<u>11.572.070</u>	<u>11.021.792</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	314.470.455	290.045.540
Orlof, breyting	4.712.999	3.822.548
Launatengd gjöld	71.318.264	65.816.667
Starfsmannakostnaður	7.605.105	5.435.776
	<u>398.106.823</u>	<u>365.120.531</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	33,7	33,5

Skýringar

	2020	2019
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	551.062	709.119
Byggingarvörur, almennar	10.080	7.920
Tæki og búnaður til innréttinga	15.922	0
Ýmis tæki og áhöld	2.975.989	626.540
Orkugjafir	606.563	744.902
Matvæli	6.072.498	7.101.780
Almennar rekstrarvörur	434.963	439.918
Vörukaup, almenn	10.667.077	9.630.179
Fundir, námskeið, risna	566.291	1.389.833
Ferðir, uppihald	2.045.537	12.070.557
Akstur	463.931	655.257
Sérfræðiþjónusta	59.479.109	46.896.448
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	171.955	927.628
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.902.397	9.633.028
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.291.179	1.935.921
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	70.920.399	73.508.672
Afnotagjöld	17.004.057	14.652.464
Leigugjöld	139.312	1.650.990
Notkun véla og flutningatækja	19.960	43.930
Verkkaup	3.526.056	3.829.073
Kostnaðarhlutdeild	4.115.896	3.111.981
Tryggingar, lögboðnar	256.003	243.862
Opinber gjöld	5.070.527	4.807.871
Tilfærslur	0	600.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	30.131.811	28.940.171
Annar rekstrarkostnaður samtals	111.719.287	112.079.022
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	4.439.165	4.509.209
Söluþap og úreltar eignir	182.330	0
	4.621.495	4.509.209

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
7 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	10.130.108	10.846.948
Aðrar eignir	1.500.000	1.500.000
	<u>11.630.108</u>	<u>12.346.948</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	29.433.489	1.500.000	30.933.489
Viðbætur á árinu	3.904.655	0	3.904.655
Selt/niðurfært á árinu	(7.125.386)	0	(7.125.386)
	<u>26.212.758</u>	<u>1.500.000</u>	<u>27.712.758</u>
Afskriftir 1.1.2020	18.586.541	0	18.586.541
Selt/niðurfært á árinu	(6.943.056)	0	(6.943.056)
Afskrift ársins	4.439.165	0	4.439.165
	<u>16.082.650</u>	<u>0</u>	<u>16.082.650</u>
Staða 31.12.2020	<u>10.130.108</u>	<u>1.500.000</u>	<u>11.630.108</u>

	31.12.2020	31.12.2019
8 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	1.882.800	3.362.506
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	<u>1.882.800</u>	<u>3.362.506</u>

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	387.685.241	364.880.795
	<u>387.685.241</u>	<u>364.880.795</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	1.076.132
	<u>0</u>	<u>1.076.132</u>

10 Handbært fé

Sjóðir	26.900	20.000
Tékkareikningar	23.361.618	17.237.179
Gjaldeyriseikningar í innlendum innlánsstofnunum	790.300	1.329.092
	<u>24.178.818</u>	<u>18.586.271</u>

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	233.110.940	349.325.241
Afkoma ársins	1.866.998	(116.214.301)
Jöfnuður 31.12.	234.977.938	233.110.940

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 215,9 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum. Að öðru leyti er ráðstöfun eigin fjár háð ákvæðum laga um opinber fjármál.

12 Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptaskuldir	12.786.642	7.737.519
	12.786.642	7.737.519
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	11.927.027	7.000.708
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	859.615	736.811
	12.786.642	7.737.519

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	40.432.459	35.719.460
Ógreidd laun	0	715.377
Aðrar skammtímaskuldir	129.952.704	108.957.704
	170.385.163	145.392.541

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Rekstur stofnunarinnar er fjármagnaður með rekstrartekjum, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	11.630.108	12.346.948
Umframráðstafað til fjárfestinga	(4.377.006)	(472.351)
	7.253.102	11.874.597

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	12.346.948	(472.351)	11.874.597
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3.904.655	(3.904.655)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(4.621.495)	0	(4.621.495)
	11.630.108	(4.377.006)	7.253.102

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 4,1 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samning um húsnæði. Rekstrar- og þjónustusamningar eru í gildi til ársloka 2022. Árlegar greiðslur vegna rekstrar- og þjónustusamninga eru áætlaðar kr. 0,9 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.